

Nd.

195. Nefndarálit

[65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisástöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, og benda má á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs, og í hvert sinn sem gjald þetta hefur verið framlengt hafa fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú ætti að vera betri grundvöllur til þess en nokkru sinni fyrr, þar sem mjög hefur dregið úr þeim mikla kostnaði, sem fylgt hefur mikilli raforkuframléiðslu með dísilkeyrslu. Lagning orkuflutningslína til Orkubús Vestfjarða og norður og austur um land hefur breytt fjárhagsstöðu Orkubúsins og RARIK. Þá má og benda á að með samningi ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar um yfirtöku Landsvirkjunar á 132 kv stofnlínukerfi landsins (byggðalínunni) er tryggt að raforkuverð verði hið sama á öllum afhendingarstöðum stofnlínukerfisins um land allt.

Við lýsum óánægju okkar yfir því, að fjárhagsmál RARIK hafa verið látin reka á reiðanum. Árin 1979 og 1980 gerði RARIK tillögur um lausn á fjárhagsvanda fyrirtækisins. Þær tillögur voru tvíþættar: Annars vegar að óarðbærar framkvæmdir yrðu kostaðar af ríkissjóði. Hins vegar að gjaldskrá hækkaði í samræmi við verðbólgu. Á fjárlögum árunna 1979, 1980 og 1981 lagði ríkissjóður ríflega til óarðbærra (félagslegra) framkvæmda RARIK. Hins vegar vantar verulega upp á í fjárlögum 1982 og í fjárlagafrv. ársins 1983. 1980 og 1981 voru hækkanir á gjaldskrá undir verðbólgu, en nú hefur verið bætt úr því, þó að enn sé óleystur sá halli sem verið hefur í fyrirtækinu undanfarin ár. Rekstrarhalli 1981 var 24 millj. kr. og áætlaður halli 1982 41.4 millj. kr. Af þessu má sjá að því fer fjarri, að gerð hafi verið gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK. Vandannum er velt til framtíðarinnar á þessu sviði sem öðrum.

Með því að bæta fjárhagsstöðu RARIK mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Þar sem enn hefur ekki verið gerð gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, viljum við ekki nú stofna fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimildir til núverandi verðjöfnunargjalds renna út. Við viljum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en viljum láta þessi sjónarmið koma fram.

Alþingi, 15. des. 1982.

Birgir Ísl. Gunnarsson,
frsm.

Jósef H. Þorgeirsson.